



## Rekstrarhæfi Myndlistaskólans í kjölfar breytinga á skipulagi.

**Styrkir hins opinbera:** Fjárframlög síðust ára hafa því miður ekki verið nægilega há til þess að standa undir kostnaði við rekstur skólans. Til að bregðast við þeim vanda sem hallarekstur hefur í för með sér ákvað stjórn skólans að gera breytingar sem leiða munu til hagkvæmari rekstrar. Húsaleiga hjá Fasteignum ehf. var 700 þúsund á mánuði en framvegis mun leigan lækka til muna í því augnamiði að bæta fjárhag félagsins.

**Húsnaði:** Stjórnendur skólans töldu æskilegt að breyta til, segja upp leigu hjá Fasteignum ehf. og hefja nýtt framfara skeið. Að vandlega athuguðu máli varð niðurstaðan sú, að vinnustofur í Kaupvangsstræti 14 hentu starfseminni vel.

**Námsframboð:** Sérnámsdeildir, grafísk hönnun og myndlistardeild, verða starfræktar áfram sem og námskeið fyrir börn og unglinga auk námskeiða fyrir fullorðna eftir því sem við verður komið.

**Rekstrarframlög - skulda uppgjör:** Forsvarsmenn skólans fá fund með bæjarstjóra Akureyrar 19. júlí. Von okkar er sú að framhald verði á framlögum til skólans, 17 milljónir á ári næstu þrjú skólaár. Til þess að skólinn geti staðið við skuldbindingar sínar er nauðsynlegt að framlag ríkisins verði ekki minna en 27,6 milljónir á ári næstu þrjú ár. Markmiðið er að skapa skólanum traustan grundvöll til framtíðar.

Akureyri 7. júlí 2019

Helgi Vilberg skólastjóri